


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

Tækni mín stór og smá



DJ græja

Ion Fullkomin USB DJ græja
Crossfader
Bass og treble
Hugbúnaður fylgir

Trúflað verð
12.999
~~24.999~~

Plötuspilari

Ion Plötuspilari
Glæsilegur plötuspilari
USB teng til að færa gömlu göðu plötunum yfir á MP3
Hægt að tengja í græjur
Hugbúnaður til upptöku fylgir

24.999

Samsung myndavélar

Myndavél -ST61 12.1 mp
Þessi litla flotta netta!

19.999
~~23.999~~

Myndavél -PL100 12,2 mp
2,7" skjár að aftan og
1,5" skjár að framan

24.999
~~27.999~~

Ljósmyndaskanni

Ion ljósmyndaskanni
Skannar ljósmyndir og slides. Einfaldur hugbúnaður fylgir
Skannar í hárra upplausn, 5.1 MP (3600 DPI)
Tengist með USB við tölvuna, 1-2 sek að skanna

Margar gerðir
24.999
~~27.999~~

Trommuset

Ion Trommuset
Hágæða rafmagnstrommuset
Yfir 100 mismunandi stillingar
Hægt að tengja í græjur eða heymartöl
Hægt að tengja ípod inn
Hægt að taka upp og hlusta á

59.999

Samsung myndavél

Rosavél á rosaverði!

SAMSUNG NX10
EV-NX10ZBAB
Myndflaga: 14,6 MP
Skjár: 3,0" AMOLED
Linsa: 18-55 OIS
Hristivörn í linsu og videoupptaka

99.999
~~109.999~~

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða

Vaxtalaus tilboð á sjónvörpum, heimilistækjum og fartölvum

Samsung

SAMSUNG 32" LCD
LE32C575
Upplausn: 1920x1080 Full HD
Dýnamísk skerpa:
Full contrast
Viðbragðstími: 4ms

139.999
~~149.999~~

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða

Samsung

SAMSUNG 40" LED
UE40C6005
Upplausn: 1920x1080 Full HD
Endurnýjunartíðni: 100hz
Dýnamísk skerpa: 1:4.000.000

269.999

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða

Samsung tölva

SAMSUNG R530
NP-R530-JT01SE
Skjár: 15.6" LED glossy
Örgjörvi: Intel dual-core i3-330M
Skjákort: Nvidia Geforce 512MB
Vinnslum: 4GB
Harður d: 500GB

119.999
~~149.999~~

LG

LG 32" HD 1080p LCD - LG 32LD420
Upplausn: 1920 x 1080 - Contrast: 60.000: 1
Tengi: 2 HDMI

119.999

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða

LG

LG 37" full HD LCD LG37LD420
Upplausn: 1920 x 1080 Contrast: High
Svartími: 4 ms

149.999

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða

LG

LG 42 full HD LED
LG42LE5500
Upplausn: 1920 x 1080
Skerpa: 5.000.000:1
Svartími: 2,4 ms

249.999

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða

Vaxtalaust er málið

LG BLURAY spilari - LG BD560
ódyr - einfaldur og góður!

29.999

Hægilegt verð

Þvottavél

ZANUSSI ÞVOTTAVÉL
1000SN - 6KG
HZ914 904 429
1000 snúningar á mínútu
Tekur 6 kg.
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: C
Orkuflökkur: A+

79.999

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða

Purrkari

ZANUSSI PURRKARI
6KG - MEÐ BARKA
HZ916 093 090
Barkapurkari með tíman
Lægra hitastig fyrir viðkvæmt tau.
Valhnappur fyrir bómull eða gerviefni.

79.999

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða

Uppþvottavél

ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
HVÍT
HZ911 549 035
12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi

89.999

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða

ZANUSSI UPPÞVOTTAVÉL
GRÁ
HZ911 549 032
12 manna uppþvottavél
h/b/d 85/60/61
5 kerfi

99.999

Kælikápur

ZANUSSI KÆLIKÁPUR
140SM 19/44L
HZ920 403 264
Hæð: 140 sm
Breidd: 55 sm
Dýpt: 61 sm
Orkunotkun: A

79.999

BT
Vestabætur raðgjafi
á 9 mánaða



Námskeið Hákon og Höllu fer jafnan fram á vinnustofu Hákon á Smiðjustig. Dagskráin er um fjórir tímar að lengd og er aðgangseyrir um 3.000 krónur á mann.



HÁKON HILDIRBRAND KENNIR KONUM ÞAÐ SEM ÞÆR LÆRA EKKI Í SKÓLA

KERLING EINS OG JÓN GNARR

„Ég er alveg hræðileg dragdrottning. Eins myndarlegur karlmaður og ég er þá er mér alveg lífsins ófært að verða myndarlegur kvenmaður. Ég verð einhvern veginn alltaf eins og Fjóla ömmusystir þín. Þetta er svipað og hjá Jóni Gnarr, okkur er bara fært að vera kerlingar,“ segir Hákon Hildibrand léttur.



MYNDSKEIÐ Á MBL.IS

Mynd/Allen

Kennir húsmæðrum landsins munnngælur

Hákon Hildibrand fær til sín konur á besta aldri og kennir þeim að fullnægja karlmönnum

„Við getum sagt að þetta séu best geymdu leyndarmál samkynheigðra karlmanna. Það er nú ekkert svakalega flókin lógik á bak við þetta, við erum með sömu tólin og vitum hvað við viljum,“ segir Hákon Hildibrand sem hefur undanfarnar vikur staðið fyrir námskeiðum þar sem hann kennir konum að fullnægja karlmönnum og gefa góðar munnngælur. Námskeiðin heldur hann ásamt frænku sinni, spákonunni Höllu Himintungl, og taka þau á móti kvannahópum um helgar. „Hún fer í gegnum stjörnuspekina með þeim, kynlíf og stjörnumerkin og hvernig konur passa við væntanlega maka. Svo tek ég við og kenni þeim alls konar leyndardóma karlmannsholdsins,“ segir Hákon og nefnir „depthroat með bönunum“ sem dæmi um það sem er á kennsluskránni. „Það er alveg magn-

að, ég hef haft 65 ára gamlar konur á námskeiði sem láta bananann renna ofan í hálsinn á sér með glöðu geði.“

Hugmyndin kviknaði í skóla í Sviss

Hákon er 22 ára og er að læra fatahönnun í Listaháskóla Íslands. Hann segist fyrst hafa tekið upp á þessu þegar hann var í Sviss í námi í hóteli og veitingastjórnun fyrir nokkrum árum. „Ég var mjög blankur og vantaði pening. Ég hafði verið að skemmta í dragi í skólanum og þessi hugmynd kviknaði út frá því. Það var náttúrulega nóg af forrikum svissneskum kerlingum sem vildu fá þetta heim í partí,“ segir Hákon, en tekur fram að svissnesku konurnar hafi ekki verið eins opnar og frjálslugar og íslenskar kynsystur þeirra.

Kemur fram í dragi

Hákon segir feimni aldrei vera vandamál hjá



BANANI ER TIL MARGRA HLUTA NYTSAMLEGUR


„Ég hef haft 65 ára gamlar konur á námskeiði sem láta bananann renna ofan í hálsinn á sér með glöðu geði.“

þeim konum sem koma til hans og hann sér til þess að allt sé á léttu nóttunum með því að koma fram í dragi. „Það hjálpar þeim mikið að þetta sé sett fram í þessum búningi. Um leið og það er búið að taka kynið í burtu og þær eru komnar með hálfgerit frik fyrir framan sig þá er þetta bara skemmtilegt,“ segir Hákon og hlær.

Aðeins nokkrar vikur eru síðan fyrsta námskeiðið var haldið og hafa viðtökurnar verið góðar. „Það eru mjög finar bókanir hjá okkur og þær sem koma til okkar fara út með rjóðar kinnar og eru örugglega með harðsperrur í maganum í tvo daga,“ segir Hákon. Spurður hvort hann hafi ekki vel upp úr þessu segir hann: „Við getum að minnsta kosti sagt að það sé erfitt að finna skemmtilegri vinnu.“

Monitor mælir með

BÓKAHILLUNA Handbókin *Svona á að...* inniheldur leiðbeiningar um alls kyns hluti. Þú getur lært að þrjóna, byggja trjákofta, flysja papríku, dansa tangó, eiga við drukkinn veislugest og 500 aðra hluti í þessari frábæru og furðulegu bók.



A VEFNUM Allir verða að bæta síðunni *Dearblank-pleaseblank.com* á netrúntinn. Margar ógeðslega myndarlegar myndir kveðjur þarna og auðvelt að týna sér algjörlega í lestrinum.

BIÓ The *Town* er ein svaðalegasta spennu-mynd ársins og vilja margir meina að hún sé eins og ef The *Departed* og *Heat* hefðu eignast barn saman. Ben Affleck kemur hrikalega skemmtilega á óvart. Myndin er frumsýnd um helgina og Monitor er að gefa miða á Facebook.



Vikan á...

facebook

Vala Grand omg var að koma úr æfingu með daddy og vá hvað gamli er sterkur shitt og ég er alveg buin hlakka til að fá mér að borða eftir 2 tíma æfingu
6. október kl. 10:55

Arni Torfason Eru fleiri en ég að reyna að ákveða hvaða pósu þau eiga taka ef þau lenda á forsiðunni á Timaritíð Monitor?
6. október kl. 14:52

Óli Geir á laugardaginn verður gaman, það verður rosa gaman, og allir blindufull.....iiii.....iirri í splash party.....inu..... (syngdu þetta í sömu laglinu og er notuð í "í leiksóla er gaman") ayyayay
4. október kl. 23:17

Haffi Haff JUUST got home from DAY 1 of the "DIRTY SIDE" video shoot. Amazing stuff... Tomorrow is DAY 2, and going to be ALL about the boys! Goodnight everyone... have fun partying! Im gonna get some rest.... LOVE! -H-
3. október kl. 02:55

Logi Geirsson Eftir viku eða 10.10.10 þá er bókin mín að koma út !!!!!!!!!!!!! sæll ég get ekki annað en sagt að það eru blendnar tilfinningar ;) ég fer allavega ekki aftur til þýsklands að spila handbolta ;))
3. október kl. 15:16

Feitast í blaðinu

Áður en þau urðu fræg unnu *Brad Pitt, Madonna* og fleiri ýmis-konar störf. >>>4

Hjörvar Hafliðason knattspyrnumaður er hræddur við að verða þrjátíu ára. >>>6

Stíllinn talaði við Önnu Sóleyju Viðarsdóttur sem kann að klæða sig. >>>7

Ólöf Jara Skagfjörð leikkona úr söngleiknum *Buddy Holly* er í viðtalinu. >>>8

Emmsjé Gauti rappari með meiru þreytir Lokaprófið að þessu sinni. >>>14

Efst í huga Monitor

Svefn er besta megrunin

Monitor rakst á einstaklega góða rannsókn í vikunni. Búið er að sýna fram á að svefn er afar mikilvægur þáttur í að hjálpa fólki að grennast.

Tveir hópar fólks, skipaðir fólki sem var að reyna að grennast, voru fengnir í tveggja vikna tilraun. Annar hópurinn svaf 5,5 klukkustundir á nóttu en hinn svaf 8,5 klukkustundir á nóttu.

Hópurinn sem svaf minna hafði umtalsvert meiri matarlyst en hópurinn sem fékk nægan svefn og borðaði meira á tímabilinu. Þegar upp var staðið hafði svefnmeiri hópurinn misst meiri fitu en sá svefnminni, þótt fólkið hefði stundað sömu æfingar.

Þetta eru mikil og góð tíðindi fyrir alla sem njóta þess að sofa og



HVERSU GOTT ER AÐ SOFA MEÐ ÞÚÐA Á MILLI FÓTANNA?

hafa áhuga á því að líta vel út, en meirihluti landsmanna tilheyrir báðum þessum hópum.

Næst þegar einhver ætlar að vekja þig og þú vilt ekki fara á fætur segir þú einfaldlega: „Hvort

viltu að ég mæti í vinnuna/skólann eða líti vel út?“ Svo leggstu aftur á koddann og lokar augunum.

ZZZzzzzz...

Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) Umbrot og hönnun: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Gunnþórunn Jónsdóttir (gunnthorunn@monitor.is) Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is)

Sígn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is) Auglýsingar: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Myndvinnsla: Hallmar F. Þorvaldsson


Forsíða: Ernir Eyjólfsson Grafík: Elín Esther Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569-1136 Netfang: monitor@monitor.is



MATTHEW MCCONAUGHEY VANN VID AÐ MOKA HÆNSNASKÍT Á HÆNSNABÚGARÐI Í ÁSTRALÍU Í EITT ÁR EFTIR AÐ HANN LAUK SKÓLAGÖNGU.



SHERYL CROW VAR GRUNNSKÓLAKENNARI EN SÍÐAR VARD HÚN BAKRADDASÖNGVARI HJÁ MICHAEL JACKSON OG SAMDI LÖG FYRIR ERIC CLAPTON OG TURNER.



SEAN CONNERY VAR MEÐAL ANNARS MJÓLKURPÓSTUR, VÖRUBÍLSTJÓRI, LAGÐI MÚRSTEINA, PÚSSAÐI LÍKKISTUR OG SAT FYRIR HJÁ MYNDLISTARNEMUM.



MARIAH CAREY FÓR Í FÖRÐUNARSKÓLA EN HÆTTI OG GERÐIST FALLISTI Í FEGRUN. SÍÐAR VANN HÚN Í FATAHENGI EN VAR SAGT UPP.



NICOLAS CAGE SELDI POPPKORN Í KVIKMYNDAHÚSI.



WHOOPI GOLDBERG LAGÐI MÚRSTEINA OG VAR GJALDKERI Í BANKA.

Áður en þau urðu fræg

Það er stundum erfitt að sjá ákveðnar **stórstjörnur** fyrir sér takast á við hversdagslega hluti. Flestar stjörnur eiga það þó sameiginlegt að hafa ekki alltaf verið frægar og á þeim tíma þurftu þær að sjá fyrir sér með venjulegri vinnu eins og við hin, líkt og **Monitor** komst að.

Er stjarna á línunni?

Næst þegar þú verður fyrir barðinu á símasöllumanni skaltu hugsa þig tvisvar um áður en þú skellir á í bræði, því hinum megin á línunni gæti leynst stórstjarna framtíðarinnar. Margir myndu allavega bregðast öðruvísi við í dag en þeir gerðu á níunda áratugnum þegar **Johnny Depp** hringdi og reyndi að selja þeim penna. Þá væru líklega fleiri til í að kaupa ljósaperu af **Jerry Seinfeld** í gegnum símann í dag en þegar hann starfaði við það á árum áður og **Jennifer Aniston**, sem einnig starfaði við símasölu, gæti líklega selt drukknandi manni vatnsglas í dag.



JENNIFER ANISTON **JERRY SEINFELD** **JOHNNY DEPP**



MICHAEL DOUGLAS VAR STARFSMAÐUR Á PLANI Á BENSÍNSTÖÐ.



TOM CRUISE VAR BLADBERI OG ÆTLAÐI AÐ LÆRA AÐ VERÐA PRESTUR.



STEVE BUSCEMI VAR SLÖKKVILÍÐSMAÐUR Í NEW YORK Á NIUNDA ÁRATUGNUM. ÞÁ STARFAÐI HANN SEM BARÐJÓN OG KEYRÐI ÍSBÍL.



BOY GEORGE VAR REKINN ÚR MATVÖRUVERSLUNINI TESCO FYRIR AÐ KLÆÐAST INNKAUAPAOKUNUM.



DANNY DEVITO VAR HÁRGREIÐSLUMADUR ÁÐUR EN HANN FÉKK STÓRA TÆKIFÆRIÐ Í KVIKMYNDINI TAXI.



STEVE CARELL

Flokkaði póst

Steve Carell starfaði við að flokka og bera út póst í smábænum Littleton í Massachusetts. Hann entist aðeins nokkra mánuði í starfinu þar sem hann var að eigin sögn „mjög, mjög lélegur“ í því. Þá ákvað hann að gerast lögfræðingur en það féll um sjálft sig þegar hann fékk sig ekki til að skrifa bréf með skólaumsókninni um það hvers vegna hann langaði að verða lögfræðingur. Eitt af fyrstu verkefnum Carells sem leikari var í sjónvarpsauglýsingu fyrir kjúklingastað en stóra tækifærið kom í þættinum The Dana Carvey show, sem var reyndar skammlífur.

Kynbombur í sauðagæru

Brad Pitt og **Megan Fox** verða ekki sökuð um að hafa bara komist áfram á útlitinu. Það fór lítið fyrir fögrum línunum Megan Fox þegar hún klæddist bananabúningi í afgreiðslustarfi sínu á smoothie-bar og Brad Pitt hefur örugglega upplifað höfnun frá kvenþjóðinni þegar hann klæddist hænsnabúningi og dreifði auglýsingamiðum fyrir kjúklingastað á unglingsárum. Seinna vann hann þó sem limmósinubílstjóri og hefur örugglega sjarmerað marga auðfrúna upp úr skónum.



MEGAN FOX **BRAD PITT**



DAVID LETTERMAN RÁÐAÐI Í POKA Í MATVÖRUVERSLUN OG VARD SVO VEDURFRÉTTAMAÐUR.



ELLEN DEGENERES VANN TIL DÆMIS VID AÐ OPNA OSTRUSKELJAR, MÁLA HÚS, SEM AÐSTODARMADUR LÖGFRÆÐINGS OG GEKK Í HÚS OG SELDI RYKSUGUR.



ALEC BALDWIN VAR DYRAVÖRÐUR EN HANN ER ÞEKKTUR FYRIR STÓRT SKAP.



MADONNA VANN Á DUNKIN' DONUTS.



KATHY BATES VANN Í MINJAGRIPAVERSLUNINI Í NÝLISTA-SAFNINU MOMA Í NEW YORK.



JIM CARREY VAR HÚSVÖRÐUR Í VERKSMIDJU.

Hádegisboð kr. 650.-

Borgari dagsins, gos 33cl & franskar

LIFE IS BEAUTIFUL

KANINN FM 100.5



LÍMMIÐA LOTTÓ KANANS, N1 OG SPARK ER BYRJAD!

MEÐAL VINNINGA: FERÐ FYRIR TVÖ TIL
TENERIEFE MEÐ SUMARFERÐUM, ÚTTEKT Í SKÓR.IS, MATARKÖRFUR
FRÁ NETTÓ, GLÆSILEG SAMSUNG
MYNDAVÉL ÁSAMT FJÖLDA ANNARRA VINNINGA FRÁ BT,
GJAFAKORT Í 3 SMÁRA, SÆLULYKLAR Á HÓTEL ÖRK, MÁLTÍÐIR Á
TANDOORI OG HELLINGUR
AF AUKA VINNINGUM



SUMAR FERDIR



VIÐ ERUM AÐ GEFA MIÐA Á
THE TOWN Í ALLANN DAG

KOMDU VIÐ Á NÆSTU N1 STÖÐ OG FÁÐU LÍMMIÐA Í AFTURGLUGGANN
KOMDU Í SIGURLIÐ KANANS FM100.5 ÞAR SEM ÞÚ ERT NÚMER EITT Í RÖÐinni



LINDA ÓSK ER DANSARI
MED MÖRG JÁRN Í ELDINUM

Mynd/Ernir

Hitti Chris Brown í partíi

Linda Ósk er metnaðarfullur dansari og ætlar að meika það í Los Angeles.

Dansarinn Linda Ósk Valdimarsdóttir er aðeins 19 ára gömul en býr engu að síður yfir gífurlegri reynslu í dansheiminum. Hún útskrifast af listdansbraut Jazz-ballettskóla Báru núna um jólin og æfir stundum þrisvar sinnum á dag en auk þess er hún verkefnastjóri danskennari hjá DanceCenter Reykjavík þar sem hún kennir meðal annars hip hop dans og hefur unnið við uppsetningar á ýmsum sýningum. Linda rekur líka verslunina Twizzt á Smáratorgi svo hún hefur í nógu að snúast. Næsta sumar ætlar Linda að flytja til Los Angeles og hefja dansferil meðal stjarnanna en undirbúningur fyrir ferðina er strax hafinn.

Góð sambönd nauðsynleg

„Ég fór í vinnuferð til Los Angeles í maí og heillaðist alveg af borginni,“ segir Linda en hún fór þar í afmæli hjá danshöfundinum Alan Phlex sem hefur unnið með stjörnum á borð við Britney Spears. „Þetta var ótrúlega skemmtilegt. Ég hitti

fræga danshöfunda og Chris Brown var þarna,“ segir Linda og bætir við að það sé mikilvægt að skapa góð tengsl úti í Los Angeles til að koma sér á framfæri. Danshöfundurinn Shane Sparks úr þáttunum So You Think You Can Dance var einn þeirra sem hafði áhuga á verkum Lindu en hún hafði ekkert í höndunum til að sýna. „Þeir bentu mér á að gera flott dansmyndbönd til að geta sýnt þar úti,“ segir Linda.

Tjáir sig með dansi

Hún hefur nýlokið við að taka upp tvö dansmyndbönd með strákunum í fyrirtækinu Illusion við lög með íslensku hljómsveitinni Bloodgroup og rapparanum Ludacris. „Dansmyndbönd eins og ég er að gera eru tekin upp eins og tónlistarmyndbönd nema ég er að túlka textann með dansi í staðinn fyrir söng,“ segir hún en mikil vinna fór í að gera myndböndin, sem verða frumsýnd á Apótekinu laugardagskvöldið 9. október.



Nýtt

Ferskari lengur

Nýr Dove mýkjandi lyktareyðir sem dregur úr hárvexti.

Dove hair minimising svitalyktareyðir, inniheldur ¼ Dove rakakrem sem verndar húðina og mýkir. Við reglubundna notkun dregur úr hárvexti undir höndum, þökk sé hinni einstöku Pro-Epil Complex formúlu sem inniheldur náttúruleg efni, s.s. sojaprótein og sólblómaolíu.

Dove hair minimising hægir tímabundið á frumuendurnýjun í háirsekknum, þannig að hárið verður mýkra og vex ekki eins hratt.



HJÖRVAR VILL GERA
UPP FORTÍÐINA

Stend einn eftir fyrstu 30 árin

Hjörvar Hafliðason varð þrítugur í vikunni og lítur yfir farinn veg.

„Ég hef haft áhyggjur af þessum aldri lengi en svo er þetta ekkert sjokk þegar kemur að því,“ segir Hjörvar Hafliðason íþróttafréttamaður en hann varð þrítugur í vikunni. „Þetta er samt smá högg,“ bætir hann við en segist þó vilja fagna þessum merka áfanga. „Ég fór út að borða á Fabrikkuna með nokkrum félagum mínum í hádeginu á afmælisdaginn,“ segir Hjörvar en gestum staðarins brá aldeilis í brún er lagið Viltu dick? hljómaði í hljóðkerfi staðarins. „Starfsmenn Fabrikkunnar buðu mér íslenskt óskalag svo ég bað um Viltu dick?,“ útskýrir Hjörvar en hann vill ólmur styðja Erp í tónlistinni. „Hann er náttúrulega úr Kópavoginum og ef hann fær einhverjar þrjár krónur fyrir hverja spilun vil ég endilega hjálpa til,“ segir Hjörvar og bætir við að lagið sé frábært. Hádegismaturinn verður þó ekki látinn nægja þegar kemur að því að fagna afmælinu. „Það verður sódalegt party á laugardaginn,“ segir hann en bætir við að fyrstu þrjátíu árin hefðu mátt vera betri. „Ég er búinn að vera með allt niðrum mig þessi fyrstu þrjátíu ár og stend uppi aleinn. Markmiðið er að gera eitthvað af viti næstu þrjátíu árin.“

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

FLUGFÉLAG.IS



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

„Konur vilja vera kynþokkafullar og ég leyfi þeim það.“ -Giorgio Armani.



hlýrabolur
Andersen & Lauth
kragi
Aróra
sokkabuxur
H&M á Spáni
jakkinn & buxur
Andersen & Lauth
skór
Chie Mihara
belti
Nostalgia
peysa
Zara



buxur
Andersen & Lauth
bolur
Andersen & Lauth
hálsmen
All Saints
kápa
Nostalgia
tréfill
Andersen & Lauth
skór
Spúútnik
peysa
Veró Moda



bolur
Dorothy Perkins
sokkabuxur
Stella
sokkar
Kísan
skór
Sonia Rykiel í Kisunni
stuttbuxur
Nostalgia
jakki
Nostalgia



sokkabuxur
Cobra
sokkar
afmælisgjöf
skór
Chie Mihara
kjóll
Aftúr
kápa
Nostalgia
hetta
Andersen & Lauth

Hlýjan og þægindin eru í fyrirrúmi í vetur hjá Önnu Sóleyju

Klæðir sig í mörg lög af fötum



ANNA SÓLEY ER ALLTAF SMART KLÆDD

Myndir/Ernir

Anna Sóley Viðarsdóttir er alltaf vel til höfð og glæsileg. Hún stundar nám við Háskóla Íslands og er á öðru ári í ritlist með fjölmiðlafræði sem aukagrein. Anna Sóley vinnur í búðinni Andersen & Lauth með skóla og hefur starfað þar núna í um tvö ár. Óhætt er að segja að Anna Sóley vekur athygli nánast hvert sem hún fer en hún er mjög mikið fyrir tísku og allt sem henni viðkemur. Stíllinn ákvað að fá að kíkja í fataskápin hjá Önnu en hún valdi nokkur af sínum upphaldsdressum.

„Ég er núna í Háskólanum í ritlist en mig hefur alltaf langað til þess að læra meira á sviði tísku,“ segir Anna Sóley. „Ég er sérlegur áhugamaður um skó og langar jafnvel að fara í skóhönnun en það er ekkert ákveðið enn.“ Haustið er upphaldsárstími Önnu Sóleyjar og einnig finnst henni haustlitirnir vera fallegastir, sem er ekki skritið því hún á afmæli í nóvember og er því mikið haustbarn. „Ég er svona að detta í vetrargírinn núna. Ég er farin að hugsa meira um trefla, húfur og hlýindi,“ segir Anna og bætir við að hún sé mikil kuldask-ræfa. „Ég reyni að vera í mörgum lögum af fötum svo mér verði ekki kalt,“ segir skvísan.

Þægindin í fyrirrúmi

Anna Sóley býr í miðbæ Reykjavíkur og gengur í vinnuna og skólann. „Þegar skólinn er byrjaður og svona og veturinn handan við hornið þá er maður ekki eins uppstrílaður og í sumar í veðurbliðunni,“ segir hún og bætir við að hún reynir að klæða sig þægilega og miðar þá kannski við það að þurfa að læra allan daginn á bókasafninu eða þjóðarbókhöðunni. Ekki sé lengur hægt að rölta í bæinn í sætum topp með ískaffi og rauðan varalit. „Núna gengur þetta meira út á að vera ekki kalt en samt alltaf finn og sætur.“

VISSIR ÞÚ..?

...að upphaf **G-strengsins** má rekja til **Fiorello LaGuardia**, fyrrverandi borgarstjóra New York. Öllum stríppurum New York borgar var hent í **G-streng** frekar en að vera naktir, til þess að særa ekki blygðunarkennd borgarstjórans.



...að **hnappar** á jakka-ermum eru uppfinning **Napóleons Bónaparte** en hann lét setja þá á ermarnar vegna þess að hann var að verða vitlaus á því að hermenn þurrkuðu slímugu hori í ermarnar sínar.



...að aðeins er hægt að tala um að flík sé „vintage“ ef hún er frá árunum **1920-1960**. Eftir þann tíma er flíkin álitin vera „retro“, og því ekki hægt að kalla hana „vintage“ lengur.

1pa

▲▲ Auðvitað var samt ómurlegt að fá þessa höfnun og mér fannst ég missa allt sjálfstraust fyrst eftir þrúfum.

viðtalið

OLGOF JAJARA SKAGFJÖRÐ

epli til að örva munnvatnskirtlana svo ég myndi ekki þorna í munnum uppi á sviði. Ég veit ekki enn hvort það virkar.

Heldurðu að þú hefðir náð lengra en Jóhanna Guðrún og skilað okkur 1. sætinu ef Íslendingar hefðu kosið þig áfram? Ég veit það ekki því Jóhanna Guðrún hefur þetta norræna útlit sem ég hef ekki og hún var líka með svo svakalega flott atriði. Hún var algjör stjarna á sviðinu. Þegar ég hugsa um það þá hafa Austur-Evrópulönd samt gengið vel undanfarin ár og þar kem ég sterk inn með útliti mitt. Ég gæti alveg málað mig smá og litið út eins og einhver þjá frá Austur-Evrópu. Ég myndi allavega vera þjóð minni til sóma í Eurovision og gera það sem Selmu Björns tókst aldrei.

Hvað finnst þér um athyglina sem fylgir skemmtanabransanum? Hún bara fylgir. Meira að segja elítugrúppiur eru framan á Séð og heyrt svo það þarf ekki mikið til að komast þangað. Ef það væri hægt að sleppa við athyglina þætti mér það fint.

Það birtist forsíðufrétt hjá Séð og heyrt þegar þú hættir með fyrrverandi kærastanum þínum. Er ekki erfitt að sjá fyrirsagnir framan á slúðurblöðum um einkalíf sitt? Jú, það er það. Ég varð bara að hlæja að þessu. Það var eina leiðin til að sætta mig við þetta.

Ég var nýskriðin úr menntaskóla og það þótti frétt-næmt að ég og kærastinn minn værum hætt saman, sem er mjög skrítið. Mamma og pabbi hjálpuðu mér samt að taka þessu með ró því þau eru náttúrulega vön svona athygli.

Var óþægilegt hversu mikla athygli skilnaður foreldra þinna fékk frá fjölmiðlum? Það var alveg glatað. Ég reyndi að sniðganga verslanir og sjoppur alveg meðan þetta var á forsíðunni. Þetta hefur meiri áhrif en maður heldur því það eru svo margir sem tala um, hafa skoðanir á og beinlínis nærast á einhverju svona slúðri.

Finnst þér allir vera með nefið ofan í öllu á Íslandi? Algjörlega. Það hefðu alltaf spunnist sögur um skilnaðinn en þegar það er sett risastór fyrirsögn framan á forsíðu með þessu þá verður þetta svo miklu leiðinlegra.

Hvernig líður þér með þetta allt saman? Ég hugsa ekki mikið um þetta núna enda orðin 21 árs gömul og þannig séð ekki eiginlegt skilnaðarbarn. Ég á hins vegar tvær yngri systur svo þetta var held ég erfiðara fyrir þær. Ég er stór stelpa og bý hvorki hjá mömmu né pabba svo þetta er þægilegra fyrir mig.

Er fólk mikið að spyrja þig út í skilnaðinn? Ekkert

svo mikið en ég vil frekar að það spyrji en tali um þetta bak við mig. Ég er ekkert viðkvæm fyrir spurningum um einkalíf svo framarlega sem þær eru innan skikkanlegra marka.

Finnst þér erfitt að mamma þín sé með öðrum manni? Kannski væri það erfitt ef hún væri með einhverjum hræðilegum manni en Hannes er frábær svo það er allt í góðu þó það hafi að sjálfsögðu verið skrítið í fyrstu. Mér finnst aðallega myndi að mamma skuli eiga kærasta því það hljómar ekki mjög fullorðinslega fyrir mér.

Kallarðu hann pabba? Það myndi aldrei gerast.

Er vandræðalegt að vinna með Hannesi í Buddy Holly? Alls ekki, það er bara mjög skemmtilegt.

Kom aldrei neitt annað til greina en skemmtanabransinn? Þegar ég var lítil langaði mig helst að verða leikkona eins og pabbi. Svo hvarf það og þá vildi ég verða söngkona eins og mamma. Á tímabili langaði mig líka mjög mikið til að verða þjálfari í fótbolta því ég æfði fótbolta og var alveg svakalega góð í að peppa upp liðið og hafði góðan leikskilning þó ég væri kannski ekki sú tæknilegasta eða skoraði mörkin.




“ Kannski væri það erfitt ef hún væri með einhverjum hræðilegum manni en Hannes er frábær.

NIVEA

HREINSIGEL,
ANDLITSVATN OG RAKAKREM
ER ALLT SEM ÞÚ ÞARFT.

ÞRjú einföld ráð fyrir fallega húð

- 1 Hreinsaðu húðina með djúphreinsandi geli
- 2 Lokaðu húðinni með andlitsvatni
- 3 Nærðu húðina með rakagefandi kremi



Þeir sem kunna vel að meta **The Town** ættu að tékka á myndinni **Heat** frá árinu 1995. Það er ein besta bankaransmynd fyrr og síðar.

FERILLINN



Ben Affleck

Hæð: 189 sentimetrar.
Besta hlutverk: Fred O'Bannion í *Dazed and Confused* (1993).
 Affleck er óborganlegur sem skíthællinn Fred O'Bannion.
Eitruð tilvitnun: „Guð hjálpi mér ef ég geri aðra mynd með sprengingum. Þá vitið þið að ég er búinn að tapa öllum peningunum mínum.“
Skrýtin staðreynd: Hefur verið tilnefndur til sjö Razzie-skammarverðlauna.

1972 Fæðist 15. ágúst í Berkeley í Kaliforníu. Skírnamafn hans er Benjamin Geza Affleck-Boldt.

1995 Leikur eftirminnilegt aukahlutverk í *Mallrats* eftir Kevin Smith. Hann hefur birst í öllum myndum Smiths að undanskildri *Clerks* (1994).

1997 *Good Will Hunting* er frumsýnd en Affleck og Matt Damon skrifa handritið að henni og leika í henni. Þeir hljóta bæði Golden Globe- og Óskarsverðlaun fyrir handritið.

1998 Leikur í *Shakespeare in Love* og byrjar með mótleikkonu sinni, Gwyneth Paltrow. Þau hætta saman ári síðar.

2001 Gengst undir meðferð vegna áfengismisnotkunar.

2002 Byrjar með Jenni-fer Lopez og voru þau jafnan kölluð „Bennifer“. Þau hætta saman í ársbyrjun 2004.

2005 Kvænist leikkonunni Jennifer Garner. Þau eiga saman tvö börn.

2007 Preytir frumraun sína sem leikstjóri þegar hann leikstýrir bróður sínum, Casey, í myndinni *Gone Baby Gone*. Myndin fær frábæra dóma.



FÁTT ER BETRA EN AÐ SLAKA Á EFTIR GOTT BANKARÁN

Frumnýningar helgarinnar

The Town

Leikstjóri: Ben Affleck.
Aðalhlutverk: Ben Affleck, Blake Lively, Rebecca Hall, Jeremy Renner, Pete Postlethwaite og Chris Cooper.
Lengd: 123 mínútur.
Dómar: IMDB: 8,2 / Metacritic: 7,4 / Rotten Tomatoes: 95%
Aldurstakmark: 16 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfbakka, Kringlunni, Keflavík og Akureyri.



Doug MacRay (Affleck) fer fyrir flokki harðsvíraðra bankaræningja og eina fjölskylda hans er félagar hans í glæpagenginu. Í síðasta verkefni þeirra féлага taka þeir konu nokkra sem gísl. Doug og hún fella hugi saman og hann hyggst segja skilið við glæpalíf. En þegar lögreglan kemst á slóð þeirra stendur Doug frammi fyrir erfðri ákvörðun, að svíkja féлага sína eða missa konuna sem hann elskar.



The American

Leikstjóri: Anton Corbijn.
Aðalhlutverk: George Clooney, Irina Björklund og Lars Hjelm.
Lengd: 105 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,8 / Metacritic: / Rotten Tomatoes: 6,1 / Rotten Tomatoes: 64%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 14 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Laugarásbíó.



Leigumórðinginn Jack (Clooney) felur sig á Ítalíu eftir að síðasta verkefni hans í Svíþjóð endaði verr en hann bjóst við. Á meðan Jack er á Ítalíu fellur hann einnig fyrir feðurárdásinni Clöru og virðist samband þeirra einungis saklaust. Hann tekur einnig að sér hættulegt verkefni, en grunar að ekki sé allt með felldu.

Furry Vengeance

Leikstjóri: Roger Kumble.
Aðalhlutverk: Brendan Fraser og Brooke Shields.
Lengd: 91 mínúta.
Dómar: IMDB: 2,6 / Metacritic: 2,3 / Rotten Tomatoes: 8%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfbakka og Sambíóin Akureyri.



Fjölskyldumynd sem segir frá ungum og metnaðarfullum fasteignaverktaka að nafni Dan Sanders. Hann mætir illskyttum hópi dýra eftir að byggingarsvæði, sem hann ber ábyrgð á, teygir sig of langt inn í óbyggðirnar. Fyrir dýrahópnum fer eitursnjall þvottabjörn og er hópurinn staðráðinn í að kenna söguhetjunni eitt og

Gefur ekki upp plottið



HARALDUR VILL KOMA ÁHORFENDUM Á ÖVART

Verðlaunamyndir Stuttmyndadaga 2010 sýndar í Bíó Paradís

„Það er alltaf eitthvað óvænt sem gerist í myndunum mínum, svo ég vil sem minnst segja um þær. Þetta eru bara stuttmyndir og mér finnst að fólk verði bara að upplifa þær svolítið,“ segir Haraldur Sigurjónsson, leikstjóri, aðspurður um stuttmynd sína, Áttu vatn. Í henni segir frá tveimur karlmönnum sem kynast á netinu og eru að hittast í fyrsta sinn. Myndin vann til fyrstu verðlauna á Stuttmyndadögum 2010 sem fram fóru nýverið.

Um helgina mun Bíó Paradís sýna verðlaunamynd Haraldar auk þeirra mynda sem hlutu annað og þriðja sæti og áhorfenda-verðlaunin. Þá verður ný stuttmynd Haraldar, Crew, frumsýnd. Sýningarnar hefjast klukkan 15:30 á laugardag og sunnudag og verða myndirnar sýndar á sama tíma næstu þrjár helgar.



Leikarinn **Bruce Willis** er mikill spéfuflur eins og sást vel í spjallþætti Davids Letterman um daginn, en þangað mætti hann með kjötstykki á hausnum. Kjötstykkið sagði hann að væri nýja hárkollan sín og bauð hann svo Letterman að smakka á því. Letterman þáði boðið en lét svo hafa sig afsakaðan og fór baksvið og spýtti út úr sér tuggunni.



Leikkonan **Demi Moore** hefur ekki verið mjög áberandi upp á síðkastið og léti seint sjá sig með kjötstykki á höfðinu eins og hennar fyrrverandi eiginmaður. Myndin *Striptease*, sem hún lék fyrir allnokkrum árum, varð þó þess heiðurs aðnjótandi á dögumum að vera sú mynd sem flestir segjast njóta að stelast í að horfa á. Hefur myndin þar með hlotið nokkra uppreisn æru en þótti ekki upp á marga fiska þegar hún kom út. Myndin *Troy* með Brad Pitt var í öðru sæti



James Franco, leikari, er óhræddur við að taka að sér óvenjuleg verkefni. Sem dæmi um það má nefna að hann sat fyrir í dragi fyrir tímaritið *Candy* og prýðir sú mynd forsíðu nýjasta tölublaðsins. Þykir Franco vera hin huggulegasta kona. Hann er annars sagður íhuga að ná sér í doktorsgráðu í ensku frá Yale-háskóla. Hann er því meira en snortur andlit.



Vefútgáfa *Time* hefur sett saman ansi skemmtilegan lista yfir 10 verstu framhaldsmyndanöfn kvikmyndasögunnar. Þar er að finna nokkur skrautleg og mishræðileg nöfn, en á meðal mynda á listanum eru **Wall Street 2: Money Never Sleeps**, **Live Free or Die Hard**, **Highlander II: The Quickening**, **Alvin and the Chipmunks: The Squeakquel**, **2 Fast 2 Furious**, **The Flintstones in Viva Rock Vegas** og **Basic Instinct 2: Risk Addiction**.



GULLMOLI VIKUNNAR

„Ekki afskrifa sjálfsfróun. Það er kynlíf með einhverjum sem ég elska.“

Woody Allen





**ÆTLARÐU EKKI
AÐ MÆTA?**

ÍSLAND - SKOTLAND

**U21 LANDSLIÐ KARLA
UNDANKEPPNI EM 2011
LAUGARDALSVÖLLUR
7. OKTÓBER KL. 19:00**

Miðasala á midi.is
Fullorðnir kr. 1.000
16 ára og yngri fá ókeypis aðgang
Frjálst sætaval
Allir á völinn að styðja strákana!

midi.is

Alltaf í boltanum með KSI

BORGUN

Coca-Cola

Lengjan

ICELANDAIR



Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í stúkum.
Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjaföng inn á völinn.
Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við inngöngu.

BORGUN LEIKUR ÁN FORDÓMA

HANDBOLTASKÓR



hummel

Character since 1963



EVERY REBEL HAS A STORY



REBEL 19.990.-



SPIRIT 12.990.-



AUTHENTIC 9.990.-



LOKAPRÓFIÐ

| 7. október 2010 |
MONITOR skólinn

Ég heiti **Emmsjé GAUTI**

Besti rappari allra tíma er:

- a) Dr. Dre.
- b) Snoop Dogg.
- c) Erpur.
- d) Erminem.
- e) **SLUG ÚR Atmosphere**

Pú veist hver ég er af því að **ég elska þessar DÖMUR**



Hvað af þessu elskarðu mest?

- a) Gervihár.
- b) Mellur.
- c) Gellur. Hvað heldurðu? (my boo)
- d) Gervineglur.
- e) Allt ofantalið.

Það sem fáir vita um mig er **ad eg lenni 3 son i islandsmeystarakeppni i beatboxi (2003) (Það voru 3 að keppa)**



Hver er staðan á íslensku rappi í dag?

- a) Það er að deyja út.
- b) Rímurnar flæða sem aldrei fyrr.
- c) Ég er kóngurinn og enginn kemst með tærnar þar sem ég hef hælana.
- d) Það er undir högg að selja en með samstöðu og baráttu munum við Erpur halda ~~stærna~~ á floti. **Þrikinu!**
- e) Flott en ég vil sjá fleiri konur í íslensku rappi.



Í fyrra lífi var ég **MU**

sem er ótrúlegt **þú**

Fyrir mér er Erpur:

- a) Eins og pabbi minn.
- b) Eins og afi minn. **Þreðu**
- c) Fyrirmynd mín í lífinu. **því hann kallar mig barnið sitt og reynir svo að setja í mig**
- d) Frekar hallærislegur.
- e) Maðurinn.



Uppáhaldsbiómyndin mín er **BASEKETBALL**

Ef ég væri ekki rappari væri ég:

- a) Læknir.
- b) Lögfræðingur.
- c) Sjómaður.
- d) Kennari.
- e) **undirfatamódel**



Af því að **ég er svo stæltur**

Ekki spyrja mig um **eitt hvað heimskulegt** en ég er **útfraðingur** bara ég, hvernig á **ég að vera eitthvað annað?**

Helsti innblástur minn í rímunum eru tvímælaust:

- a) Konur.
- b) Peningar. (gæmmær)
- c) Völd.
- d) Lífið sjálft og baráttan.
- e) _____

Það skemmtilegasta sem ég veit er **SKATE** en ég þoli ekki að bíða í röðum

Ef ég mætti velja mér einn af eftirfarandi til að ferðast um heiminn með yrdi það:

- a) Ingó Veðurguð.
- b) Gillzenegger.
- c) Haffi Haff.
- d) Sveppi.
- e) Jóhanna Guðrún.



Af því að

Hann elskar mig (NO HOMO)

Minn helsti veikleiki er **Óþolinmæti** en ég er ógeðslega góður í **flestu öðru**

Ef þú sérd mig úti á götu skaltu:

- a) Knúsa mig.
- b) Kýla mig.
- c) Kalla mig mömmu.
- d) Króa mig af. (og gefa mér peninga)
- e) Kroppa í mig.

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa **Ingimar! (veit einhver um iPodinn minn?)**

Síðast en ekki síst

» Brynjar Þór Björnsson, körfuboltamaður í KR, fílar:


Kvikmyndin

Ein svakalegasta mynd sem ég hef séð er **Touching the Void**. Þetta er sannsöguleg mynd sem fjallar um tvo göngugarpa á leið upp fjallið Siula Grande í Perú. Mynd sem sannir karlmenn geta fellt tár yfir.



Platan

Ég rakst einu sinni á plötuna **Brothers in Arms** með Dire Straits heima hjá mömmu og pabba og ég get ekki annað sagt en að platan sé tímalaus snilld sem ég get hlustað á aftur og aftur.



Þátturinn

Mér fannst virkilega gaman að **Kitchen Confidential** en greinilega fannst flestum þessir þættir frekar leiðinlegir svo aðeins ein þáttaröð var framléidd.



Vefurinn

www.flickmylife.com. Þarna er hægt að finna virkilega gott grín.

Bókin

Þar sem ég er mikill körfuboltaáhugamaður verð ég að nefna **The Book of Basketball** eftir hinn eittraða penna Bill Simmons. Bók sem allir körfuboltaáhugamenn ættu að eiga.



Staðurinn

Alltaf gott að detta inn á **Bjarna Fel** til þess að sjá magnaðan körfubolta utan úr heimi. Þó þú leitir að einhverri stöð sem sýnir Polo þá finna þeir hana fyrir þig, enda með hátt í 1500 stöðvar.



fimmtudagur **7** okt

KYNNINGARTÓNLEIKAR NÁLARINNAR FM 101,5

Sódóma
20:00 Fram koma Hemúll, Moy, Tamarin/Gunslingers, Caterpillarmen og Logn. Þórhallur Þórhallsson með grín. Aðgangur er ókeypis.

NÍUBÍÓ

Gallery 46
21:00 Sex stuttmyndir sýndar og listasýning á staðnum. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

AIRWAVES-ÆFING KIMI RECORDS

Venue
21:00 Kimi Records býður upp á upphitunartónleika fyrir Airwaves. Fram koma Just Another Snake Cult, Skelkur í bringu og The Heavy Experience. Aðgangur er ókeypis.

EYRNAKONFEKT 2010

Austur
21:30 Væntanlegri tónlistarútgáfu verður fagnað og hlýtt verður á nýtt efni frá hljómsveitunum Hairdoctor, Retro Stefson og Bix. Veitingar frá Smirnoff verða einnig í boði.

föstudagur **8** okt

STYRKARTÓNLEIKAR

Sódóma
20:30 Haldnir verða styrkartónleikar fyrir Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Fram koma Bartonar - Karlakór Kaffibarsins, Bróðir Svartúlfs, Coral, Hellvar, Jan Mayen, Noise, Valdimar, Vicky og Æla. Miðaverð er 1.000 krónur og renna þær óskiptar til HSS.

KVENFÉLAGSKVÖLD

Kaffibarinn
22:30 Kvenfélag Kaffibarsins heldur sitt sjötta kvenfélagskvöld og að þessu sinni eru það Már & Nielsen sem halda stemningunni gangandi.

ÓTUKT

Venue
23:00 Ótuktarkvöld þar sem hljómsveitirnar Lazyblood, Logn, Reykjavík! og Bárufjörn koma fram. Aðgangur er ókeypis.

laugardagur **9** okt

SAMSÝNING FRAMHALDSSKÓLANEMA

Gallerí Tukt
16:00 Opnun samsýningar framhaldsskólanema fer fram í Gallerí Tukt á milli 16 og 18. Sýningin er unnin í tengslum við tilraunaafgangann Nýsköpunarmennt og atvinnulíf í grenndar-samfélagi. Sýningin stendur til 23. okt.



GALABALL SAMTAKANNA

Iónó
20:00 Samtökin '78 halda galaball til fjárfunna fyrir félagið. Í boði verður þriggja rétta málsverður og skrautleg skemmtiatriði undir borðhaldi og að því loknu tekur við dansleikur. Miðaverð er 9.900 krónur, 7.900 fyrir félagsmenn.

ÚTGÁFUPARTÍ DANCE-CENTER RVK

Apótekið
22:00 Heljarinnar veisla þar sem nýtt dansmyndband DanceCenter RVK verður frumsýnt. Boðið verður upp á léttar veitingar og dansgleðin verður í fyrirrúmi.



SKÍTAMÓRALL

Nasa
00:00 Hljómsveitin Skítamóralld heldur stórdansleik í tilefni af útkomu tónleikadisksins Ennþá. Aðgangseyrir er 999 krónur.



Ég er ruglingslegt nafn

Hljómsveitin Ég og Múgsefjun spila á Venue á laugardag. „Jú, jú. Þetta nafn hefur valdið misskilningi en það er samt viljandi gert að hafa þetta svona,“ segir Róbert Örn Hjálmtýsson, forspraki Hljómsveitarinnar Ég. Áður kallaði hljómsveitin sig bara Ég en nú eru þeir farnir að segja Hljómsveitin Ég. „Það þarf eiginlega. Annars segir fólk kannski: Hefurðu heyrt í Ég? og þá hugsar fólk: Bíddu, kanntu ekki að tala? Förstu ekki í skóla?“ segir Róbert sem segir þó að nafninu hafi ekki verið formlega breytt. Þá sé líka betra að googla Hljómsveitin Ég heldur en bara Ég. „Ég prófaði að googla Ég og útkoman var frekar slöpp.“

Hljómsveitin Ég var að gefa út nýja plötu og ber hún nafnið Lúxus upplifun. Þeir halda tónleika á laugardagskvöld á Venue ásamt Múgsefjun en það er hljómsveitin O.D. Avenue sem hitar upp. Tónleikarnir hefjast klukkan 23 en húsið opnar hálf tíma fyrr. Miðaverð er 1.000 krónur.

Ísgerður Elfa, leikkona

Ég er verkefnastjóri fyrir hádegisviðburðaröð á Kjarvalsstöðum og hún byrjar akkúrat núna á laugardaginn. Þá koma trúðarnir Mr. Clooms og Plong. Þeir eru mjög dularfullir og hafa ekki gefið mikið upp en ég býst við að þetta verði mjög skemmtilegt.



Helgin mín



Lifandi tónlist / Dj öll kvöld



OLIVER
BAR CAFÉ GRILL

Opið frá 11:45 alla daga
Eldhúsið er opið frá 11:45 - 22:00

Einkasamkvæmi fyrir allt að 100 manns á efri hæðinni
Pöntunarsími 552-2300
arnar@cafeoliver.is

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN



HERRA ROKK
Á HAMBORGARAFABRIKKUNNI

Í október 2010 gefst Íslendingum tækifæri til að styrkja starfsemi Hjartaverndar með því að kaupa tvöfalda hljómlaútgáfu af minningartónleikum um Rúnar Júlíusson sem fram fóru í Laugardalshöll 2. maí 2009.

Útgáfan er einstaklega vegleg og inniheldur 30 lög á tveimur geislaplötum, þar á meðal hið geysivinsæla „Söngur um lífið“ í flutningi Páls Óskars.

1.000 kr. af hverri seldri plötu renna til Hjartaverndar.

Geislaplatan er seld á Hamborgarafabrikkunni og á útsölustöðum N1 um allt land.



2010